

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að fulltrúi ráðsins taki sæti í Neyðarstjórn borgarinnar**

Skóla- og frístundaráð samþykkir að óskað verði eftir því með formlegum hætti að formaður ráðsins taki sæti í Neyðarstjórn borgarinnar f.h. ráðsins.

**Greinargerð:**

Skóla- og frístundaráð ber ábyrgð á rekstri og skólastarfi í borginni og undir ráðið heyra samtals 27.560 einstaklingar eða 6.200 börn í leikskólum, 500 börn sem dvelja hjá dagforeldrum, 15.100 nemendur í grunnskólum, 250 manns sem stunda nám hjá Námsflokkum Reykjavíkur og 5.510 starfsmenn sem heyra undir sviðið.

Í ljósi þessarar umfangsmiklu starfsemi og þann mikla fjölda nemenda og starfsmanna sem heyra undir sviðið er nauðsynlegt að kjörinn fulltrúi skóla- og frístundaráðs eigi sæti í Neyðarstjórninni til að fylgjast með framvindu mála, til að koma á framfæri ábendingum og geta brugðist hratt og örugglega við aðstæðum sem upp kunna að koma hverju sinni vegna kórónuveirufaraldursins.

Því er óskað formlega eftir því við Neyðarstjórn, að verða við beiðni ráðsins um að formaður skóla- og frístundaráðs taki sæti í Neyðarstjórninni fyrir hönd ráðsins.